og allar hinar orþodoxu, protestanta kirkjur; tekið hann í arf, og útbýtt sínum börnum eins og væri hann það æðsta góða í kristindómunum, þar sem hann í raun og veru er miklu fremur heiðindómur.

Að vísu hafa verið á öllum öldum fjöldi af hugsandi, kristnum mönnum, sem ekki hafa trúað þessum lærdómi, og margir af þeim hyguðustu og merkustu meðal þeirra hafa fyr og síðar í öllum kristnum löndum skorið upp úr og mótmælt opinberlega, einkum síðan siðabótin komst á, og kiskjan smátt og smátt missti vald sitt til að ofsækja og drepa með eldi og járni alla þá, er reyndu að opna augun á blindingum hennar: (t. d. Húss, Servet, Hetzer, Gentiles o. fl. Í stað þess hefir nú kirkjan á seinni dögum, nauðug viljug, mátt til með að láta sjer nægja með að kalla þá öllum sínum verstu nöfnum: villumenn, trúníðinga, meinsærismenn, antikrista o. s. frv. og óska þeim á neðri byggðirnar, þeim til maklegra málagjalda, en sínum sauðum, óskabörnum sínum, til aðvörunar og uppbyggingar. Þrátt fyrir allt þetta eru nú i flestum kristnum löndum mannmörg fjelög kristinna manna, óháð öllum hinum gömlu, orþodoxu eða „rjetttrúuðu" kirkjum, sem neita þrenningar-lærdóminum og þar með kenningunni um guðdóm Krists og heilags anda. Í Hungaralandi t. d. er Unitara kirkjan ein af þeim fjórum, sem viðurkenndar eru sem ríkiskirkjur. Þessi frjálsa stefna, þessi sannkristilega skoðun eflist og útbreiðist með ári hverju, bæði utan og innan kirkjunnar, og það tíðkast meir og meir, að prestar hinna gömlu kirkna hafa hug og þor til að segja skilið við þær, og ganga í lið með hinum sem sannkallaðar frelsis og sannleiks hetjur.

Það er enginn efi á hvernig leikar muni fara að